

LÍN breytir undanþágu vegna greiðslu fastrar afborgunar 2009

- Tekjumörk vegna undanþágu frá greiðslu fastrar afborgunar árið 2009 hækkuð úr 2,1 milljón í 4 milljónir

LÍN breytir undanþágu vegna greiðslu fastrar afborgunar 2009 - Tekjumörk vegna undanþágu frá greiðslu fastrar afborgunar árið 2009 hækkuð úr 2,1 milljón í 4 milljónir

Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefur breytt reglum sjóðsins til að koma frekar til móts við þá sem hafa orðið fyrir áföllum eins og til dæmis atvinnumissi. Greiðendur lána sem vegna breyttra aðstæðna hafa orðið fyrir verulegum fjárhagsörðugleikum geta sótt um undanþágu frá greiðslu fastrar afborgunar ársins 2009. Það er þó skilyrði að hinar breyttu aðstæður lánþegans hafi staðið yfir í fjóra mánuði eða lengur.

Ástæður slíkra fjárhagsörðugleika geta verið atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða lægri tekjur vegna ástundunar lánshæfs náms. Þau tekjumörk sem LÍN hefur nú miðað við síðustu misseri eru 2.100.000 króna. LÍN hefur nú hækkað þá upphæð í 4.000.000 króna. Tekjumörkin miðast við árstekjur 2008.

Ljóst er að þessar breytingar leysa ekki vandamál allra. Þær eru þó mikilvægar fyrir þann hóp sem missti vinnu fyrir nóvember 2008, hóf nám haustið 2008 eða varð fyrir verulegri og óvæntri tekjuskerðingu.

Stjórn LÍN vinnur að frekari breytingum á reglum sjóðsins.



Páll Skúlason - mynd: hi.is

Páll Skúlason heimspekingur skipaður í verkefnisstjórn

Menntamálaráðherra hefur skipað [Pál Skúlason](#) heimspeking og fyrrverandi rektor Háskóla Íslands í sérstaka verkefnisstjórn til að leggja drög að stefnumótun ráðuneytisins á sviði háskólamála og vísinda til að bregðast við breyttum aðstæðum í atvinnu- og efnahagsmálum.

Verkefnisstjórnin var stofnuð í desember síðastliðnum og ætlað að leggja fram tillögur um aðgerðir og áherslur til skemmri og lengri tíma sem eru til þess fallnar að styrkja háskóla og vísindastarfsemi í landinu, hvernig efla megi samstarf háskóla, vísindastofnana og fyrirtækja, með það að markmiði að fjármunir, sem veitt er til kennslu og rannsókna, nýtist sem best til að styðja við nýsköpun og uppbyggingu á sviði atvinnu- og vísindamála, og hvernig skapa megi tækifæri og virkja þekkingu og reynslu háskólamenntaðra einstaklinga sem misst hafa vinnuna til virðisskapandi starfsemi og atvinnuuppbyggingar.

Mótun stefnu um nám alla ævi

Menntamálaráðuneytið hélt ráðstefnu um þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi 26. febrúar s.l. Ráðstefnan er liður í þátttöku Íslands í verkefni Evrópusambandsins „Menntun og Þjálfun 2010“ og styrkt af Evrópusambandinu. [Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands](#) sá um framkvæmdina í samráði við menntamálaráðuneytið.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra setti ráðstefnuna. Nefndi hún helstu áhersluatriði sem eru sameiginleg með íslenski menntastefnu og stefnu annarra landa í Evrópu, t.d. viðtækt samráð allra hagsmunaaðila við mótun menntastefnu, auknið lýðræði í skólastarfi, jafnrétti, sveigjanleika innan skólakerfisins þannig að þar séu engar blindgötur, samfellu milli skólastiga, mat á raunfærni, skýr viðmið og óheftan aðgang að menntun.

Arnór Guðmundsson skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti ræddi íslenska menntastefnu í evrópsku samhengi, Ágúst Hjörtur Ingbórsson, forstöðumaður Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands var með vangaveltur um opið samráð og

mjúka og harða stjórnhætti á vettvangi Evrópusambandsins og Björg Pétursdóttir, sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu gerði grein fyrir lykilhæfni og lærdómsviðmiðum í námskrágerð.

Fimm vinnuhópar störfuðu frá s.l. hausti til undirbúnings ráðstefnunnar. Þeir fjölluðu um: Viðmiðaramma fyrir nám alla ævi; brotthvarf frá námi; eflingu fullorðinsfræðslu; þróun kennaramenntunar og styrkingu starfsmenntunar. Þetta voru helstu umræðuefni ráðstefnunnar og voru þau valin vegna mikilvægi þeirra við mótun menntastefnu sem nú stendur yfir í kjölfar lagasetningar um öll skólastig og kennaramenntun.

Formenn vinnuhópanna gerðu grein fyrir niðurstöðum þeirra og fengu viðbrögð frá þátttakendum ráðstefnunnar. Fimm umræðuhópar voru síðan myndaðir með framsögumönnum og í lokin voru pallborðsumræður.

Skýrsla um efni ráðstefnunnar verður gefin út í vor og birt á [vef menntamálaráðuneytis](#) bæði á íslensku og ensku.

Nýsköpunarverðlaun veitt Mentis Cura

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra afhenti 12. mars Nýsköpunarverðlaun Rannís, Nýsköpunarmiðstöðvar og Útflutningsráðs. Handhafi verðlaunanna er [Mentis Cura](#) sem hefur þróað aðferðir til að greina heilabilanir með heilaritum og nútíma myndgreiningartækni. Kristinn Johnsen veitti verðlaunum viðtöku. Í ávarpi sínu hvatti ráðherra til þess að víða yrði leitað fanga „og í þeirri leit verði horft til þeirra mikilvægu gilda að nýjungar gagnast okkur í sókn eftir bættu mannlífi og sjálfbærri nýtingu auðlinda sem er undirstaðan að farsælu lífi í þessu landi til framtíðar.“

